

# Hægt að upplifa heyrnarskerðingu í hermi

## » KYNNING

Heyrn ehf. er ný heyrnarþjónusta í Hlíðarsmára 11 í Kópavogi. Þar er veitt sérhæfð þjónusta til að bæta úr heyrnarskerðingu. Eigandi Heyrnar er Ellisif Katrín Björnsdóttir heyrnarfræðingur sem starfar einnig hjá fyrirtækinu. Heyrn býður upp á nákvæmar heyrnarmælingar með hátæknimælitækjum, en þær ásamt hljóðumhverfi þess heyrnarskerta eru grundvöllur að vali og stillingum heyrnartækja. Virkni heyrnartækja er sniðin til með nýjustu tölvutækni og látin falla að heyrnarriti og hljóðumhverfi þess sem notar tækin.

## Skilningur á heyrnarskerðingu

Til þess að njóta til fullnustu þess sem heyrnartæki hafa upp á bjóða er mikilvægt að notendur þeirra átti sig á því hvers eðlis heyrnarskerðing þeirra er. Þá er einnig mikilvægt að aðstandendur heyrnarskertra geri sér grein fyrir hvernig það er að vera heyrnarskertur. Til þess að hjálpa aðstandendum að setja sig í spor heyrnarskertra notast Heyrn við hermi þar sem heyrnarskerðing

viðkomandi er spiluð fyrir aðstandendur. „Það er óneitanlega betur til þess fallið að auka skilning manna á heyrnarskerðingu að upplifa hana með þessum hætti heldur en að sjá línurit á tölvuskjá með oft tor-skildum táknum fyrir leikmenn,“ segir Ellisif.

## Minni tæki og minni fyrirhöfn

Nútímaheyrnartæki eru smekkle og lítið áberandi. Heyrn selur heyrnartæki frá ReSound sem er einn stærsti framleiðandi heyrnartækja í heiminum. „Nýjustu tæki ReSound velja ekki hljóð fyrir notandann eins og eldri gervigreindarheyrnartæki gerðu með þeim afleiðingum að notandinn missti oft af hljóðum sem hann hefði viljað heyra. Fullkomnustu heyrnartækin efla hins vegar heyrn á eðlilegan hátt þannig að notandinn er meðvitaður um sitt hljóðumhverfi,“ útskýrir Ellisif.

## Vanda vel valið

Það þarf enga tilvísun til að fá heyrnargreiningu og ráðgjöf heyrnarfræðings en þurfi viðkomandi lækna-isaðstoð er honum vísað til háls-, nef-



Ellisif Björnsdóttir býður upp á nákvæmar heyrnarmælingar hjá Heyrn ehf.

og eyrnalæknis. „Ég legg áherslu á fagmennsku, persónulega ráðgjöf og góðan tíma til að leiðbeina við notkun heyrnartækja,“ segir Ellisif.

Þeir sem vilja kynna sér nánar starfsemi Heyrnar geta kíkt á heimasíðu fyrirtækisins, [www.heyrn.is](http://www.heyrn.is), eða haft samband í síma 534-9600.